

**47. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
11. júní 2020  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),  
Aðalsteinn Magnússon (AM) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

**Fundargerð ritaði:** Einir Steinn Björnsson, Formaður

**Dagskrá:**

**1 Tunguland 2 Jörðin Innsta-Tunga - 1904091**

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 4. maí 2020 er varðar leiðréttingu á færslum í þinglýsingarbók er varða Tunguland 2, Tálknafjarðarhreppi, F2124314, L186795.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við leiðréttinguna.*

**2 Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum til umsagnar - 2005076**

Tekin fyrir Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði, unnin af Skipulagsstofnun í umboði svæðisráðs fyrir gerð strandsvæðisskipulags.

*Lagt fram til kynningar.*

**3 Umsókn um breytingu á hlöðuþaki - 2005196**

Tekin fyrir umsókn frá Marinó Bjarnasyni dags. 27. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta þaki á hlöðu við Eysteinsyri skv. teikningum frá Guðbjarti Ólafssyni.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir kvisti á þak hússins en óskar eftir nánari byggingarlýsingu.*

*Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi þegar fullgildar teikningar hafa borist. Byggingarleyfisgjald er kr. 80.337,-*

**4 Stuðningur við fráveituframkvæmdir - drög að umsögn - 2005132**

Tekið fyrir bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 15. maí 2020 til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis er varðar umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, (átak í fráveitumálum).

*Lagt fram til kynningar.*

**5 Litli-Laugardalur, byggingarleyfi - 2005001**

Tekin fyrir umsókn frá Sigurði Viggóssyni dags. 4. maí 2020 þar sem óskað er eftir heimild til að breyta þaki á íbúðarhúsinu í Litla-Laugardal með því að endurgera þak á húsið og viðbyggingu og setja þakglugga skv. teikningum frá Ásgeiri Jónssyni.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi þegar fullgildar teikningar liggja fyrir.  
Byggingarleyfisgjald kr. 80.337,-*

**6 Fráveitukerfi Tálknafjarðar - 1906405**

Tekið fyrir bréf frá byggingarfulltrúa til fyrirtækja á hafnarsvæðinu er varðar losun efnis í fráveitukerfið, jafnframt lagt fram svarbréf frá Þórsbergi og tölvupóstur frá Skipaaufgreiðslu Vestfjarða.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd þakkar svör við fyrirspurn byggingarfulltrúa, jafnframt felur nefndin byggingarfulltrúa að óska eftir svörum frá þeim aðilum sem ekki svöruðu fyrirspurninni.*

**7 Framkvæmdarleyfi umsókn ný brú yfir Botnsá - 2006273**

Tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á núverandi vegi og lagningu nýs vegar og bygging nýrrar brúar á Bildudalsveg (63) um Botnsá í Tálknafjarðarhreppi.

Um er að ræða nýbyggingu á um 1,7 km löngum vegkafla um Botnsá og með byggingu nýrrar brúar á Botnsá, brúin verður 22 metra löng og staðsett um 115 metra ofan við núverandi brú.

Efnispörf í verkið er áætluð um 27.000 m<sup>3</sup>.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Fyrir liggur umsögn frá Hafrannsóknarstofnun og samþykki Fiskistofu fyrir framkvæmdinni. Á framkvæmdasvæðinu eru engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Verkið er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Færsla vegarins um 115 m á stuttum kafla kallar ekki á breytingu á aðslskipulagi að mati nefndarinnar enda hefur færslan ekki áhrif á landnotkun og landeigandi hefur veitt samþykki fyrir færslunni.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:41.**

---

Einir Steinn Björnsson (ESB)

---

Benedikt Davíð Hreggviðsson  
(BDH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---